

1858.
11. maí. kvæmdar, að með því að Finsen lækni varð eigi gjört að embættiskyldu að fara ferð þá, er hér ræðir um, þá geta eigi fyrir-mæli kanselibréfs 25. sept. 1845 átt hér heima; má og því eigi synja honum borgunar þeirrar, er hann hefir upp setta, fyrst eigi var samið við hann um ferðakaup fyrir fram, fyrst það var eigi embættiskylda hans að takast ferðina á hendur, með því og að borgun þessi er í sjálfu sér eigi of mikil, að því er þér sjálfur segið.

12. maí. **12. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæminu, um byggíngarnefndina á Akureyri.**

Þér hafið, herra amtmaður, ritað oss bréf 16. nóvember í fyrra, og sent oss með því til úrskurðar eptirrit eptir bónarbréfi frá byggíngarnefnd þeirri, er sett var á Akureyri með opnu bréfi 6. janúar 1857. Í bónarbréfi þessu skýrir nefndin frá, að henni virðist æskilegt og nauðsynlegt, að taka mætti skika nokkurn af lóð þeirri, er fyrrum hafði þar mæld verið handa sölubúð Guðmanns kaupmanns, en er hann hefir eigi notað og eigi þarf á að halda, og fenginn til handa verzlunarstjóra Örms & Wulfs til að reisa þar á lítið hús; síðan biður nefndin oss að leggja á það úrskurð vorn, hvort hún eigi vald á að taka lóðarskikann, ef Guðmann kaupmaður syni, og enn, hvort hún hafi hin sömu ráð, ef lík efni bera optar að höndum.

Vér látum yður því, herra amtmaður, vita, sjálfum yður til leiðbeiningar og til frekari auglýsingar, að það má virðast í sjálfu sér auðsætt, að byggíngarnefndin hafi ekki vald á að af-einka manni eign hans til handa einstökum manni, enda leiðir það og af ákvæðum 5. gr. A. í opnu bréfi 6. janúar 1857.